

# Rafræn gagnasending til embættis landlæknis með Signet Transfer

## Leiðbeiningar

Embætti landlæknis býður upp á ókeypis gagnasendingu gegnum [vefgátt](#) hjá Signet Transfer.

Til að skrá sig inn í [vefgáttina](#) þarf viðkomandi að hafa að rafræn skilríki í síma.

Gluggi (sjá mynd hér fyrir neðan) opnast. Skjal/skjöl sem senda á til embættis landlæknis eru dregin inn í gluggann „**Ná í skjal eða draga það hingað**“. Ef send eru fleiri en eitt skjal myndar kerfið „**mál**“ með því að setja skjöl í svokallaða ZIP skrá. Sjálfgefna nafnið á ZIP skránni er „**skra.zip**“. Mælt er með því að breyta sjálfgefna heiti Zip skráarinnar í skráarheiti sem lýsir sendingunni. Embætti landlæknis notar málsnúmer viðkomandi máls sem lýsingu.

Í glugga yfir fyrirtæki er valið „**Embætti landlæknis**“.

Í glugga hópur er valin „**Móttaka gagna**“.

Í glugga „**Skilaboð til móttakanda í tölvupósti**“ má ekki setja persónugreinanleg skilaboð.

Í glugga „**Skilaboð með sendingu**“ eru sett skilaboð sem auðkenna sendinguna – t.d. málsnúmer. Jafnframt er gott að setja inn nafn sendanda og nafn þess starfsmanns embættis landlæknis sem á að fá skjalið. Í þennan reit má setja trúnaðarupplýsingar. Eingöngu starfsmaður embættisins getur séð þær upplýsingar eftir að hafa auðkennt sig með rafrænum skilríkjum.

Með því að smella á **senda** berst skjalið til **móttöku gagna** hjá embætti landlæknis. Tilkynning berst sendanda með tölvupósti þegar sendingin er móttækin hjá embætti landlæknis.



### Senda gögn til embættis landlæknis

#### 1 Innihald sendingar

Skjöl      Skilaboð

**Ná í skjal eða draga það hingað**

0 kb

Skilaboð með sendingu

#### 2 Móttakendur

Fyrirtæki:

Embætti landlæknis

Hópur:

Móttaka gagna

**Bæta við hóp**

Skilaboð til móttakanda í tölvupósti

Ekki setja trúnaðarupplýsingar hér

**Sendu**